



Reykjavík 7. mars 2001.

**Til Heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis.**

**Varðandi : Þingsályktunartillögu um aukið samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu.**

Félag íslenskra sjúkraþjálfara hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aukið samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu.

Eftirfarandi umsögn er unnin af fulltrúum sjúkraþjálfara sem hafa reynslu af störfum sjúkraþjálfara í heilsugæsluþjónustu bæði hér á landi og í Svíþjóð.

Sjúkraþjálfarar fagna þeirri tillögu sem hér er sett fram. Við teljum nauðsynlegt að hlutverk sjúkraþjálfara sem og annara fagstétta verði aukið á komandi árum innan heilsugæslunnar. Ef stjórnvöld ætla sér að framfylgja þingsályktunartillögu sem samþykkt var á síðasta þingi um heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er nauðsynlegt að leggja grunn að þeirri áætlun með því að veita þangað fjármagni sem allra fyrst.

Tilraunaverkefni um stöðu sjúkraþjálfara innan Heilsugæslunnar í Reykjavík hófst 1. september 1996 og stóð til 31. desember 1997. Tveir sjúkraþjálfarar störfuðu í einu stöðugildi samtals, annar fram á vor 2000 og hinn til febrúar 2001. Nú starfar einn sjúkraþjálfari í hlutastarfi við miðstöð ungbarnaverndar en enginn úti á Heilsugæslustöð. Hins vegar er nokkuð um að sjúkraþjálfarar úti á landsbyggðinni starfi innan heilsugæslunnar, að hluta til og þá aðallega sem meðferðaraðilar.

Í skýrslu nefndar sem mat tilraunarverkefnið var niðurstaðan eftirfarandi: "Lagt er til að ráðnir verði sjúkraþjálfarar við allar heilsugæslustöðvar í Reykjavík og Seltjarnarnesi, sem eru alls 9. Starfshlutfall verði ákveðið í samvinnu við hverja stöð. Ætla má að 3 stöðugildi sé hæfilegt til að byrja með." Starfið inni á heilsugæslustöðvunum er eingöngu forvarnarstarf og engin meðferð.

Samkvæmt reynslu af starfi skjúkraþjálfara innan Heilsugæslunnar í Reykjavík er ljóst að hlutverk þeirra er einna mikilvægast innan:

- heilsugæslu í skólum
- ungbarna- og smábarnaverndar
- mæðraverndar
- heilbrigðisfræðslu í fyrirbyggjandi tilgangi (opin ráðgjafajónusta)
- heimahjúkrunar.

Nauðsynlegt er að sjúkraþjálfarar fái vel skilgreint hlutverk í þessu starfi (þar sem þroski barnsins og stoðkerfið er til sérstakrar athugunar) og litið sé á störf þeirra sem

bætta þjónustu við skjólstæðinga sem til heilsugæslunnar leita. Einnig liggur það ljóst fyrir að störf sjúkraþjálfara á þessum vettvangi koma til með að létta álagi af heimilislæknum og greiða aðgang skjólstæðinganna í gegnum heilbrigðiskerfið.

Tillaga okkar er að fjármagni verði veitt til þessara stöðugilda.

Mögulegt er að ráða sjúkraþjálfara inn á heilsugæslustöð á tvennan hátt:

I – Sjúkraþjálfari yrði ráðinn í 50% stöðu inni á hverri heilsugæslustöð um sig

II- Sjúkraþjálfarar, sem starfa annars staðar en hafa sérhæfða þekkingu og reynslu af ofanefndum þáttum, yrðu ráðnir í hlutastöðu inni á heilsugæslustöð.

Þeir gætu t.d. komið hluta úr degi 3-4 sinnum í viku til ráðgjafar, leiðbeiningar, fræðslu, mats eða/eða eftirfylgni.

Síðari kostinn teljum við jafnvel vera betri. Hann gefur tilefni til að ráða tvo sjúkraþjálfara með mismunandi sérhæfingu á sömu heilsugæslustöðina í 25% stöðugildi hvort um sig. Þessi tillaga virkar meira hvetjandi og ætti að gefa meiri möguleika á góðri sérfræðiþjónustu auk þess sem þetta væri mjög ódýr og hagkvæmur kostur.

Með þessum hætti yrði byggð upp öflugri heilbrigðisþjónusta í Heilbrigðisáætlunar ríkisstjórnarinnar til ársins 2010.

Með þökk fyrir veitt tækifæri til umsagnar og von um að umsögn okkar komi að gagni

F.h. Félags íslenskra sjúkraþjálfara

Auður Ólafsdóttir, sjúkraþjálfari

Ágústa Guðmarsdóttir, sjúkraþjálfari

Erna Kristjánsdóttir, sjúkraþjálfari

Jóna Þorsteinsdóttir, sjúkraþjálfari